

Ed.

520. Frumvarp til laga

[264. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1957, um vísindasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:
Stofna skal sjóð, er nefnist vísindasjóður.
Tekjur sjóðsins eru:

- A. Fjárveiting, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.
- B. Fjárframlag frá Seðlabanka Íslands skv. 33. gr. laga nr. 10/1961.

A. m. k. 5% af árlegum peningatekjum vísindasjóðs skulu lögð í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild vísindasjóðs. Höfuðstól stofndeildar má aldrei skerða, en heimilt er að verja vöxtum af fé stofndeildar til almennrar starfsemi sjóðsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 51/1957, um vísindasjóð, er menningarsjóði gert að greiða honum 800 þús. kr. árlega.

Menningarsjóður hefur nú engin bein afskipti af vísindasjóði og er því í þessu sambandi einungis milliliður.

Síðan framangreind lög voru samþykkt, hefur það gerzt, að vísindasjóði hefur verið opnuð tekjulind með lögum nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og eins hefur verið tekið upp beint framlag til sjóðsins í fjárlögum. Framlag menningarsjóðs hefur á síðustu árum verið einungis um 1/10 hluti af tekjum vísindasjóðs.

Jafnhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á tekjustofnum menningarsjóðs, þar sem gert er ráð fyrir, að beint framlag í fjárlögum hverju sinni komi í stað hluta af núverandi tekjustofnum hans.

Af þessum ástæðum verður að teljast eðlilegt að rjúfa fjármálatengsl menningarsjóðs og vísindasjóðs, enda verði fjárveiting til vísindasjóðs aukin sem því svarar, er menningarsjóður hefur til hans greitt.